



Foreldrafélag Hvaleyrarskóla

Starfsárið 2013 - 2014

Fundur: 2. fundur Foreldrafélags	Staður: Kennarastofa Hvaleyrarskóla	Dags: 4. Nóv	tími: 18:00 – 19:30
Mættir: Sveindís, Ásbjörg, Íris, Sigrún, Helga Veronica, Petrína, Helga Guðlaug, Guðrún Erla Forföll: Margrét, Gísli			
Dagskrá samkvæmt fundarboði: 1. Skólaráðsfundur 2. Einelti 3. Skólanámskrá 4. Starfið í vetur 5. Önnur mál			

<ol style="list-style-type: none">1. Foreldrafélagið spurðist fyrir um starfsreglur skólaráðs. Í Aðalnámskrá stendur að starfsreglur eigi að vera til og unnið eftir þeim. Foreldrafélagið spurðist fyrir um stefnu skólans varðandi skiptingu í bekki, bæði varðandi 1.bekk og á síðari skólastigum. Skólinn hefur þá stefnu að skipta 1.bekk eftir hverfum en stundum eru aðrir þættir sem ráða til um skiptingu s.s. greiningar og álit leikskóla á hverjir passa saman í hópa. Foreldrafélagið kom með fyrirspurn varðandi hvernig upplýsingar til foreldra eru þegar upp koma eineltismál í bekkjum. eru allir látnir vita? Þörf á frekari umræðu. Rætt um rifangalista, kostir og gallar þess að birta þá í ágúst, rétt fyrir skólabyrjun. Skólanámskráin var rædd og foreldrafélagið óskaði eftir að fá prentuð eintök af Aðalnámskrá og undirheftum og ætlar að bera saman við námskrá Hvaleyrarskóla.2. Foreldrafélagið ætlar að skoða vel Olweusar áætlunina. Vera búin að lesa áætlunina fyrir næsta fund. Umræður um bæklinginn og muninn á áætlunin sem foreldrar fá og kennarar/starfsfólk skólans. Stefnt er að því að skila inn tillögum/ályktum til skólastjórnenda.3. Skólanámskrá – ætlum að kynna okkur Aðalnámskrá grunnskóla og undirhefti hennar.4. Jólaföndur, 7.desember. Athuga með verð á föndurpökkum hjá sama aðila og í fyrra, heima föndur Halldóru. Petrína ætlar að búa til auglýsingu, Helga Veronica ætlar að kaupa sjóðskassa. Ákveðið að bjóða 9.bekk að hafa fjáröflun á jólaföndri. Rætt um hvaða bekkir eiga að hafa fjáraflanir. Þurfum að setja niður skilgreiningar varðandi styrki og hverjir fá. Einnig reglur varðandi hvaða bekkir eru með fjáraflanir sem snúa að starfi foreldrafélagsins.5. Önnur mál.<ul style="list-style-type: none">• Rætt um Mentor, eru börnin að nota þetta. Af hverju eru kennararnir svona misduglegir að nota þetta? Sumir kennarar eru að setja inn efni/upplýsingar en aðrir nánast aldrei.• Skipulagsmál – Helga Guðlaug fór á skipulagsfund þar sem vísað var í að öxulþungi hefði komið fram í upprunalegum gögnum en var ekki svarað að öðru leyti. Umræðan var einnig um ofanbyggðarveg sem er ekki á dagskrá né opnun tengingar inn á Suðurbraut.
--



Foreldrafélag Hvaleyrarskóla

Starfsárið 2013 - 2014

Samantekt – skipting verkefna:

Sveindís og Helga Veronica - spyrja í skólaráði hvort 7.bekkur sé ekki að fara á Reyki á næsta ári.

Helga Veronica ætlar að taka saman hvað við höfum styrkt og fyrir hvaða upphæð.

Helga Veronica ætlar að kaupa sjóðskassa fyrir jólaföndrið og senda okkur upplýsingar um föndrið. Petrína ætlar að gera auglýsingu fyrir jólaföndrið.

Allir að lesa Olweusar áætlunina fyrir næsta fund.

Næsti fundur 2.desember

Fundi slitið kl. 19:45 Guðrún Erla ritaði fundargerð